

ÖLDUVARI VIÐ KÁRSNES Í KÓPAVOGSBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð ölduvara við Kársnes í Kópavogsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar og að áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Kópavogsbæjar 2000-2012. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Fyrir liggur niðurstaða um umhverfisáhrif af byggingu ölduvarans á vernduð svæði, landslagsásýnd og grunnsævi. Skipulagsstofnun bendir Kópavogsbæ á að fjalla þarf um þessi áhrif í umhverfismati breytingar á aðalskipulagi fyrir svæðið. Með kynningu á aðalskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaða framkvæmd.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Reykjavík, 30. apríl 2007

INNGANGUR

Þann 19. mars 2007 tilkynnti Almenna verkfræðistofan f.h. Björgunar hf. og BYGG sf. gerð ölduvara við Kársnes í Kópavogsbæ til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 i í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kópavogsbæjar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 29. apríl 2007, Siglingastofnun með bréfi dags. 4. apríl 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. apríl 2007.

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlöguðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að nú standi yfir framkvæmdir við gerð bryggjuhverfis við sunnanverðan Fossvog í samræmi við samþykkt skipulag. Gert sé ráð fyrir að smábátahöfn verði austan við íbúðarbyggðina en verja þurfi höfnina fyrir ölduágangi úr norðaustri. og því þurfi að byggja ölduvara. Um sé að ræða um 30 m langan og 7 m breiðan garð og verði hæð hans um 3 m miðað við meðalsjávarstöðu. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að garðurinn verði byggður úr sprengdu 0,2-0,8 m óflokkuðu grjóti sem falli til við dýpkunarframkvæmdir í smábátahöfninni.

Fram kemur að aðkoma að framkvæmdasvæðinu við ölduvarann verði eftir fjöru á vestanverðu nesi sem ölduvarinn liggja út frá. Eingöngu verði farið um fjöruna neðan meðalsjávarborðs en fjaran sjálf er ógróin og fínkornótt malarfjara. Ekki muni þurfa að fara með tæki upp á þann hluta nesses sem sé gróinn. Nesið eða höfðinn nýtur hverfisverndar vegna útivistar og kemur fram að norðurströnd Kársness, sem sé um 2 km löng, hafi allri verið raskað en fyrrnefndur höfði skeri sig úr og sé lítt raskaður. Fram kemur að ekki sé talin ástæða til að ætla að ölduvarinn hafi áhrif á umhverfið eftir að byggingu hans lýkur utan einhverra sjónrænna áhrifa.

Fram kemur að fyrirhuguð gerð ölduvarans sé ekki í samræmi við skipulagsáætlanir Kópavogs.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögn Kópavogsbæjar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé innan þess svæðis sem friðlýsa skuli samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004-2008. Þeim hluta Skerjafjarðar sem hér um ræðir hafi þegar verið raskað að mestu leyti með hafnarframkvæmdum og grjótgörðum. Bygging ölduvara við smábátahöfnina muni því ekki hafa neikvæð áhrif á fjöru og grunnsævi í sunnanverðum Fossvogi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð ölduvara til að verja fyrirhugaða smábátahöfn við bryggjuhverfi við sunnanverðan Fossvogi í Kópavogsbæ fyrir öldum úr norðaustri. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að fyrirhugaður ölduvari mun liggja út frá grónum tanga sem nýtur bæjarverndar skv. Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 og er innan svæðis sem friðlýsa skal samkvæmt Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Þá liggur fyrir að fjörum hefur mikið verið raskað við þennan hluta Fossvogar. Skipulagsstofnun telur að af því gefnu að aðkoma að framkvæmdasvæðinu verði að öllu leyti um fjöru neðan meðalsjárborðs muni fyrirhuguð framkvæmd ekki hafa veruleg áhrif á verndarsvæðið. Skipulagsstofnun telur ljóst að nokkur ásýndarbreyting verði á verndarsvæðinu með tilkomu ölduvarans auk þess sem rask muni verða á grunnsævi. Stofnunin telur hins vegar að með hliðsjón af framkvæmdum við bryggjuhverfi og smábátahöfn í nágrenninu verði áhrif garðsins á yfirbragð þessa svæðis í sunnanverðum Fossvogi ekki veruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Almennu verkfræðistofunnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð ölduvara við Kársnes í Kópavogsbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012. Aðalskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Fyrir liggur niðurstaða um umhverfisáhrif af byggingu ölduvarans á vernduð svæði, landslagsásýnd og grunnsævi. Skipulagsstofnun bendir Kópavogsbæ á að fjalla þarf um þessi áhrif í umhverfismati aðalskipulagstillögunnar fyrir svæðið. Með kynningu á aðalskipulagi mun almenningi gefast tækifæri til að kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Björgun hf. og BYGG sf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. júní 2007.

